

Fimmtudaginn 17. mars 1994.

Nr. 244/1993.

Bryndís Kristinsdóttir

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Tannlæknafélagi Íslands

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Frávísunarkröfu hafnað. Lögbann fellt úr gildi. Trygging. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júní 1993. Auk dóms í málinu er áfrýjað úrskurði frá 6. apríl s.á., þar sem hafnað var kröfu áfrýjanda um frávísun málsins frá dómi. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að synjað verði um staðfestingu á lögbanni því, sem um er fjallað í hinum áfrýjaða dómi, og að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnda í málinu. Þáttur í bæði aðal- og varakröfu áfrýjanda er, „að stefndi verði dæmdur til þess að afhenda sýslumanninum í Reykjavík kr. 10.000.000,- sem tryggingu fyrir hugsanlegri bótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda að viðlagðri aðför að lögum“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að framangreindri kröfu áfrýjanda um afhendingu 10.000.000 króna tryggingar verði vísað frá dómi og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

II.

Lögbannskrafa stefnda beindist upphaflega bæði að áfrýjanda og Tryggingastofnun ríkisins. Var þess krafist, að lagt yrði lögbann við því, „að gerðarþolar beiti samningi, sem þau gerðu með sér 17. ágúst 1992. Samningur þessi gerir ráð fyrir að Bryndís stundi tannlækningar, sem hún hefir ekki réttindi til og því ekki leyfi til, og að elli- og örorkulífeyrisþegar og þeir, sem slysatryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar, njóti þátttöku sjúkratrygginga samkvæmt nefndum lögum í kostnaði af smíði og viðgerð gervitanna“.

Við fyrirtöku lögbannsmálsins hjá sýslumanninum í Reykjavík var eftirfarandi bókað: „Fulltrúi sýslumanns kynnir nú þá ákvörðun sína að þar sem gerðarbeiðandi hafi gert það sennilegt að vissar at-hafnir gerðarþola brjóti gegn lögvörðum hagsmunum gerðarbeið-anda og að skilyrðum laga að öðru leyti er fullnægt, verði lögbann lagt við beitingu samnings þess er gerður var milli Tryggingastofn-unar ríkisins og Bryndísar Kristinsdóttur þann 17. ágúst sl., að því er tekur til tannsmíðavinnu Bryndísar í munnholi sjúklinga, gegn tryggingu sem endanlega er ákveðin 10.000.000.“

Lögbann var síðan lagt á í samræmi við þetta.

III.

Við gildistöku laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann voru heimildir til lögbanns takmarkaðar frá því, sem var í lögum nr. 18/1949. Skilyrði fyrir lögbanni eru rakin í 24. gr. laga nr. 31/1990. Greinin er svohljóðandi:

„Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstakl-ings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um at-höfnina eða muni gera það, og að réttindi hans muni fara forgörð-um eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

Lögbann verður ekki lagt við stjórnarathöfn þess, sem fer með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélags.

Lögbann verður ekki lagt við athöfn:

1. ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega,

2. ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því, að athöfn fari fram, og hagsmunum gerðarbeiðanda af að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni, sem athöfnin kann að baka gerðarbeiðanda.“

Í hinum áfrýjaða dómi greinir frá því, að áfrýjandi hafi starfað sjálfstætt við tannsmíði án milligöngu tannlækna í tæp tuttugu ár, en í því felist, að hún hafi allan þann tíma tekið mót af tanngómum og mátað gervitanngarða. Hún hafi margsinnis haft samband við landlækni um starfsemi sína. Í dóminum eru rakin afskipti stefnda og opinberra aðila af þessari starfsemi áfrýjanda. Í janúar 1986 sætti hún áminningu landlæknis fyrir brot á tannlæknalögum. Að öðru leyti virðist umrædd starfsemi áfrýjanda hafa verið látin afskiptalaus af hálfu opinberra aðila, bæði heilbrigðisyfirvalda og ákærvalds, þrátt fyrir ítrekaðar kærur frá stefnda, fyrst 1973, og kærur frá forseta tannlæknadeildar Háskóla Íslands 1990. Kærum þessum hefur verið beint til sakadóms Reykjavíkur, landlæknis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara.

Þegar þetta er virt og hliðsjón höfð af deiluefni málsaðila og hagsmunum, er því tengjast, að svo miklu leyti sem upplýsinga nýtur um þá í málinu, er ljóst, að eigi var fullnægt skilyrðum 24. gr. laga nr. 31/1990, til þess að lögbannskrafa stefnda mætti ná fram að ganga. Er þá sérstaklega haft í huga niðurlagsákvæði 1. mgr. og 2. tl. 3. mgr. 24. gr. Ber því að fella lögbannið úr gildi.

IV.

Í héraði hafði stefndi uppi tvær kröfur gegn áfrýjanda, auk kröfu um málskostnað. Í fyrsta lagi krafðist hann þess, að „staðfest verði lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því 20. október 1992 að stefnda Bryndís beiti samningi, sem hún og meðstefnda gerðu með sér 17. ágúst 1992, að því er tekur til tannsmíðavinnu hennar í munnholi sjúklinga“. Í öðru lagi krafðist stefndi þess, að umræddur samningur áfrýjanda og Tryggingastofnunar ríkisins yrði dæmdur ógildur. Héraðsdómari sýknaði af þeirri kröfu, og er hún ekki til álita fyrir Hæstarétti, þar sem héraðsdómi var ekki gagnáfrýjað.

Stendur því ekki annað eftir af kröfugerð stefnda í málinu, þegar

lögbandið hefur verið fellt úr gildi, en krafa um málskostnað, auk áðurnefndrar frávísunarkröfu. Við svo búið eru ekki efni til þess, að fjallað verði í þessu máli um réttarstöðu málsaðila, að því er varðar ágreiningsefnið, sem lá lögbannskröfu stefnda til grundvallar.

V.

Hinn 14. júní 1993, hálfum mánuði eftir uppkvaðningu hins áfrýjanda dóms, endurupptók fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík lögbannsgerðina að beiðni lögmans stefnda, sem krafðist þess, að skilað yrði tryggingarfénu, sem afhent hafði verið sýslumanni vegna lögbannsins. Þessu var mótmælt af hálfu áfrýjanda með þeim rökum, að héraðsdómi hefði þegar verið áfrýjað til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það varð fulltrúi sýslumanns við kröfu lögmans stefnda. Málskot til Hæstaréttar á þessu ágreiningsefni, sem ekki sætti úrlausn héraðsdóms, á sér enga lagastoð og ber að vísa kröfu áfrýjanda, er að því lýtur, ex officio frá Hæstarétti.

VI.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Framangreint lögbann er fellt úr gildi.

Kröfu áfrýjanda, Bryndísar Kristinsdóttur, að stefnda, Tannlæknafélagi Íslands, verði dæmt skylt að afhenda sýslumanninum í Reykjavík 10.000.000 króna tryggingarfé, er vísað frá Hæstarétti.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 1. júní 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., var höfðað með þingfestingu málsins 29. október 1992.

Stefnandi er Tannlæknafélag Íslands, kt. 570570-0139, Síðumúla 35, Reykjavík.

Stefndu eru Bryndís Kristinsdóttir tannsmíðameistari, kt. 210540-3509, Stigahlíð 92, Reykjavík, og Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 114, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær kröfur að staðfest verði lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því 20. október 1992, að stefnda Bryndís beiti samningi, sem hún og meðstefnda gerðu með sér 17. ágúst 1992, að því er tekur til tannsmíðavinnu hennar í munnholi sjúklinga. Þá verði dæmt að framangreindur samningur stefndu sé ógildur.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmd óskipt til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt ákvörðun dómara, þar með talinn kostnaður við lögbannsgerðina.

Af hálfu stefndu Bryndísar Kristinsdóttur er þess krafist, að hún verði al-sýknuð af öllum kröfum stefnanda og synjað verði um staðfestingu á lögbanni frá 20. október 1992 er tekur til samnings stefndu og Tryggingastofnunar ríkisins.

Þá er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu meðstefndu, Tryggingastofnunar ríkisins, er eindregið krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða meðstefndu málskostnað að mati réttarins.

Af hálfu stefndu kom fram krafa um að málinu yrði vísað frá héraðsdómi og að stefnanda yrði gert að greiða stefndu málskostnað.

Málið var munnlega flutt um frávísunarkröfuna og henni hafnað með úrskurði 6. apríl sl.

II.

Málsatvik.

Stefnda, Bryndís Kristinsdóttir, er tannsmiður að mennt. Hún lauk sveinsprófi í greininni árið 1961 og öðlaðist nafnbótina meistari í tannsmíði árið 1975.

Tannlæknafélag Íslands hefur á undanförnum árum margsinnis haft afskipti af starfsemi stefndu Bryndísar. Þannig kærði félagið hana á árinu 1973 fyrir sakadómi Reykjavíkur fyrir að stunda tannlækningar án lögskilinna réttinda, en það mál var fellt niður samkvæmt ákvörðun ákærvaldsins. Árið 1985 kærði félagið stefndu til landlæknis fyrir skottulækningar. Þar var hún talin hafa farið út fyrir verksvið sitt sem tannsmiður og brotið ákvæði 2. tl. 14. gr. laga nr. 80/1969, sbr. 16. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar. Í bréfi landlæknis, dags. 14. janúar 1986, segir, að embættið hafi

kannað málavexti og í ljós hafi komið að tannlækna­lög hafi verið brotin. Landlæknir hafi veitt tannsmiðnum alvarlega áminningu fyrir brot á lögum.

Hinn 5. janúar 1990 kærði deildarforseti tannlækna­deildar Háskóla Íslands stefndu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir að hafa í nokkur ár smíðað gervitennur á eigin spýtur í fólk, án þess að nokkur tannlæknir kæmi þar nærri. Taldi hann athæfi stefndu vera brot á lögum um tannlækningar frá 1985 auk þess sem það væri mjög varhugavert þar sem hún hefði enga þekkingu til að bera, hvorki í sjúkdómafræði né í öðru sem nauðsynlegt væri til að vel gæti farið, enda vitað um vandræði sem orsakast hafi af þessari vankunnáttu hennar, eins og segir í kærubréfi.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 30. janúar s. á., kemur fram, að það hafi leitað álits landlæknis, og hafi hann kannað málið. Í niðurlagi svarbréfs segir svo: „Landlæknir fær ekki séð að ástæða sé til að amast við starfsemi Bryndísar Kristinsdóttur tannsmiðs.“ Að fenginni þessari umsögn ákvað ráðuneytið að aðhafast ekkert í málinu.

Af hálfu stefnanda var starfsemi stefndu Bryndísar kærð til Rannsóknar­lög­reglu ríkisins þann 16. mars 1990. Kæra þessi var send ríkissaksóknara sem tilkynnti þann 10. júní s. á. að kæruefnið veitti eigi þann grundvöll að efni væru til þess af ákærvaldsins hálfu að mæla fyrir um lög­reglu­rannsókn eins og þar sagði.

Þann 17. ágúst 1992 gerðu stefnda Bryndís og meðstefnda, Trygginga­stofnun ríkisins, með sér samning um tannsmíði, sem taka skyldi gildi 1. september 1992. Samkvæmt honum skuldbatt Tryggingastofnun ríkisins sig til að endurgreiða elli- og örorkulífeyrisþegum, svo og þeim sem slysa-tryggðir eru samkvæmt lögum nr. 67/1991 um almannatryggingar, ákveðinn hundraðshluta af þeim kostnaði, sem þessir aðilar þurftu að borga fyrir þjónustu hjá stefndu Bryndísi Kristinsdóttur, enda færi hún eftir gjaldskrá, sem tekin er upp í samninginn.

Samkvæmt samningnum tók Bryndís að sér að smíða og gera við gervi­góma og gervitennur. Í 3. gr. samningsins segir orðrätt: „Í eftirfarandi um­saminni gjaldskrá er allt innifalið, þ.m.t. mátun og lagfæringar.“

Með beiðni, dags. 3. október 1992, krafðist stefnandi máls þessa lögbanns við því, að stefnda og meðstefnda beittu samningi þessum. Þann 20. október s.á. var lagt lögbann gegn kr. 10.000.000,- tryggingu við beitingu samn­ingsins, að því er tekur til tannsmíðavinnu Bryndísar í munnholi sjúklinga.

Stefnda Bryndís Kristinsdóttir skýrði svo frá fyrir réttinum, að hún hefði starfað sjálfstætt að grein sinni, þ. e. án milligöngu tannlækna, í tæp 20 ár. Í því felist að hún tekur mót af tanngarði sjúklinga og mátar gervitanngarða.

Hins vegar framkvæmi hún engar tannlækningar. Enginn hluti tannsmíðavinnunnar fari fram í munni sjúklings nema hvað varðar svonefnda mátun. Hún fari þannig fram að fljótþornandi mátefni sé sett í til þess gerðar skeiðar með haldi, sem settar séu upp í viðskiptavininn og geti þeir jafnvel gert það sjálfir. Á þeim tíma, sem hún hafi starfað sjálfstætt, hafi hún tekið hátt í tíu þúsund mót án þess að hafa fengið kvartanir umfram það sem eðlilegt megi teljast. Hún kveðst ekki framkvæma neina skoðun á munnholi viðskiptavina sinna en í flestum tilvikum sé um að ræða fólk sem fengið hafi gervitennur áður. Til hennar komi eingöngu fólk með gróna góma. Stefnda kvaðst margsinnis hafa haft samband við landlækni um starfsemi sína og sé honum því fullkunnugt um hana.

Einar Ragnarsson, tannlæknir og lektor við Háskóla Íslands, gaf skýrslu fyrir dóminum sem vitni. Kvað vitnið það vera meginreglu að tannsmiðir séu undirverktakar hjá tannlæknum en hins vegar sé á þeirri reglu fjöldi undantekninga. Það sé hins vegar mjög mismunandi hversu mikinn hluta verksins tannlæknar láti tannsmiði vinna. Það, sem unnið sé við sjúklinginn, sé hins vegar á verksviði tannlækna.

Vitnið kvaðst hafa unnið skýrslu fyrir stefnanda sem frammi liggur í málínu sem dskj. nr. 3., skjal 16, um vinnuskiptingu tannsmíða og tannlækna við gervigómagerð.

Vitnið Sigurgeir Steingrímsson, tannlæknir og forstöðumaður Tannlæknaskóla Íslands, gaf vitnaskýrslu fyrir dóminum. Vitnið upplýsti að nám tannsmíða væri 3 ár í skólanum, auk þess sem gert væri ráð fyrir einu ári í starfsþjálfun hjá tannsmíðameistara, sem annaðhvort væri tannlæknir eða tannsmíðameistari. Hann kvað nemendum skólans í upphafi náms vera gerð grein fyrir starfssviði tannlækna annars vegar og tannsmíða hins vegar, þ.e. hvar mörkin liggja og hvernig þetta fari fram. Sé um skýr mörk að ræða milli þessara starfssviða. Í skólanum sé tannsmiðum ekki kennt neitt sem viðkemur meðferð sjúklinga, þ. e. það sem fer fram í munnholi sjúklings. Bæði sé það, að húsnæði skólans leyfi ekki neina vinnu við sjúklinga auk þess sem skólinn sé sniðinn eftir sænskri fyrirmynd. Vitnið upplýsti að mót sé ekki tekið af munni sjúklings sé hann sýktur og þurfi tannlæknir að ganga úr skugga um það áður en mótið sé tekið. Efni þau, sem notuð séu við mótatöku í dag, séu mun nákvæmari en þau sem notuð voru fyrr á árum. Efni þessi séu hættulaus.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er byggt á því að Félagi tannlækna sé m.a. ætlað að standa vörð um hagsmuni tannlækna. Enginn megi stunda tannlækningar

nema sá sem hafi fengið til þess leyfi heilbrigðisráðherra og enginn eigi að fá slíkt leyfi nema hann hafi lokið prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi að mati tannlæknadeildar skólans. Stefnda Bryndís sé tannsmíðameistari. Tannsmíði sé iðngrein. Stefnda Bryndís hafi hvorki lokið prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands né sambærilegu prófi frá öðrum skóla, enda hafi hún ekki leyfi til þess að stunda tannlækningar.

Með ofangreindum samningi sé ljóst, að meðstefnda, Tryggingastofnun ríkisins, leggi blessun sína yfir, eða öllu heldur stuðli að því, að tannlækna-lögin séu brotin, allt með vitund og vilja tryggingaráðs og heilbrigðisráðu-neytisins, og því megi segja, að þar höggvi sá, er hlífa skyldi, en það hljóti að vera ein af skyldum heilbrigðisfyrvalda að standa vörð um heilbrigðis-löggjöfina og sjá til þess að hún verði ekki brotin.

Með umræddum samningi sé stefndu Bryndísi „gefið grænt ljós á það“ að vinna í munnholi sjúklings. Mörkin milli starfs tannsmíðs og starfssviðs tannlæknisins hafi gjarnan verið dregin þannig, að vinnusvæði tannlæknisins sé fyrst og fremst munnholið, en vinnusvæði tannsmíðsins sé smíða-bekkurinn, þar sem hann smíðar tennur samkvæmt fyrirsögn tannlæknisins, sem að sjálfsögðu sér um mátunina og segir til um lagfæringar.

Framangreind hefðbundin skilgreining á starfssviði tannlækna byggist á lögum, en í 1. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar sé verksvið tannlækna skilgreint, sem þá um leið verði skilgreining á því verksviði sem einkaréttur tannlækna nær til. Þar sé m.a. talað um að ráða bót á tannleysi. Einnig megi vísa til eldri tannlæknalaga nr. 7/1929, 3. og 4. gr.

Stefnandi telur að framangreindur samningur sé ógildur, þar sem hann feli í sér brot gegn tannlæknalögum og því eigi að dæma hann ógildan. Samningurinn feli það einnig í sér, að með honum sé leikmanni gefið færi á að stunda tannlækningar, en slíkt geti boðið heim hættu og heilsutjóni fyrir sjúklinga stefndu Bryndísar, þar sem hún hafi ekki til að bera næga læknis-fræðilega þekkingu til að fást við tannlækningar. Bæði vegna þeirrar hættu, sem samningurinn feli í sér út frá heilbrigðissjónarmiði, og vegna þeirrar árásar á hagsmuni tannlækna, sem hann feli í sér, hafi verið talið rétt að hefja mál þetta með beiðni um að lögbann yrði lagt við því að samningnum yrði beitt.

Sýslumaður hafi ekki orðið við beiðni um lögbann gagnvart meðstefndu, Tryggingastofnun ríkisins, en hins vegar gagnvart stefndu Bryndísi. Ákvað hann 16. október 1992, að lögbann yrði lagt við beitingu samningsins, „að því er tekur til tannsmíðavinnu Bryndísar í munnholi sjúklings gegn tryggingu, sem endanlega var ákveðin kr. 10.000.000“.

Trygging þessi var lögð fram 20. október 1992 í samræmi við ákvörðun sýslumanns og tók lögbannið þá gildi.

Til að tefja ekki fyrir framgangi málsins hafi verið ákveðið að láta sitja við lögbannið á stefndu Bryndísi. Lögum samkvæmt hafi málinu síðan verið stefnt fyrir héraðsdóm til staðfestingar á lögbanni, og kröfugerð stefnanda í máli þessu mótist m.a. af þessu atriði.

Aðild stefnanda byggist á því að Félagi tannlækna sé ætlað að gæta hagsmuna félagsmanna og því geti það farið með mál þetta, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Aðild varnar megin byggist á því að stefndu hafi gert með sér samning, sem sé kveikjan að máli þessu, og séu þau því samábyrg, sbr. 1. mgr. 19 gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu Bryndísar Kristinsdóttur er á því byggt í fyrsta lagi, að stefnandi sé ekki aðili að þeim samningi, sem um sé deilt, og þar af leiðandi ekki aðili að dómsmáli varðandi samninginn. Beri því að sýkna stefndu á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Hinn umdeildi samningur gerir ráð fyrir að stefnda stundi tannsmíði, sem hún hafi rétt á að gera lögum samkvæmt. Tannsmíði sé löggild iðngrein, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 558/1991, sem reist sé á 8. gr. laga nr. 57/1988. Ekki sé á það fallist að samningur þessi brjóti lög um tannlækningar svo sem stefnandi haldi fram. Í því sambandi sé nauðsynlegt að skilgreina hugtakið læknisverk í skilningi tannlæknalaga annars vegar og hins vegar tannsmíðavinnu í skilningi iðnlöggjafar. Hugtakið læknisverk verði að skilgreina með almennum hætti sem meðhöndlun við sjúkdómi. Því er haldið fram að stefnda sé ekki að meðhöndla sjúkdóm með því að láta gervitannaþega máta tennur.

Hugtakið tannsmíðavinnu verði að skýra sem vinnu við smíði gervitanna. Til smíðarinnar verði að taka með allt sem nauðsynlegt sé til þess að geta smíðað tennurnar, svo sem mátun. Um sambærilegt dæmi megi vísa til vinnu stoðtækjasmiða, en hann taki mál af limstúf og láti notanda máta, eftir að smíði lýkur, og lagfæri, ef þörf sé á. Hvorki tannsmíðir né stoðtækjasmiðir sinni læknisverkum í sínum störfum. Þeir vinni hins vegar við að aðstoða fólk sem eigi við fötlun að stríða. Séu því engin skilyrði til að meta samninginn ógildan. Teljist stefnda hins vegar brjóta gegn ákvæðum tannlæknalaga með því að vinna að iðn sinni án aðstoðar tannlækni, væri henni í lófa lagið að ráða tannlækni til starfa. Með þeim hætti væri án vafa öllum lagaskilyrðum fullnægt.

Hvatinn að málsókn stefnanda geti vart verið heilbrigðissjónarmið, þar sem stefnanda sé aðeins umhugað um að stöðva þann hluta starfsemi

stefndu sem lýtur að samningi þessum. Þá skorti alla tilvísun til laga varðandi kröfu um ógildingu samningsins. Krafa stefnanda sé að þessu leyti vanreifuð og beri að vísa málinu frá dómi af þessum sökum „ex officio“.

Í lögum nr. 7/1929 um tannlækningar hafði verið kveðið á um að einungis tannlæknum væri heimilt að setja gervigóma og lausa parta í menn. Með lögum nr. 34/1932 hafi verið gerð breyting á lögum þessum, þar sem sjálfstæðum tannsmiðum hafi verið heimilað að setja gervigóma og tannparta í fólk. Þannig hafi verið viðurkennt af löggjafanum og þar með heilbrigðis- yfirvöldum að tannsmiðir væru til þess bærir að innna þetta starf af hendi. Þegar stefnda hóf sjálfstæða starfsemi árið 1972 giltu framangreind tannlæknalög. Starf stefndu sé því hefðbundið að þessu leyti. Til hennar leiti þeir, sem hafi verið tannlausir um nokkurn tíma og vilji endurnýja gervigóma, eins og tíðkast hafi allt frá árinu 1932.

Núgildandi tannlæknalög nr. 38/1985 hafi leyst lögin frá 1929 af hólmi en verulegur munur sé á skilgreiningu verksviðs tannlækna í þeim lögum miðað við eldri lög. Í lögnum frá 1929 sé nákvæmlega skilgreint að tannlæknar og tannlæknaleyfishafar hafi einir leyfi til þess að setja gervigóma og gervitennur í menn með þeim undantekningum er varða tannsmíði sem áður er lýst. Í nýjum lögum um tannlækningar sé þessi skilgreining felld úr lagatextanum. Þar sé ekki minnst á gervitennur eða gervigóma eða ísetningu þeirra. Því verði að telja, að fyrir löggjafanum hafi vakað að færa ástandið til samræmis við löggjöf um iðnréttindi tannsmiða. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 558/1981 hafi tannsmiðar orðið löggild iðngrein og frá þeim tíma hafi tannlæknar verið útilokaðir frá tannsmíði nema því aðeins að þeir fengju bréf frá yfirvöldum um iðnréttindi. Löggilding á tannsmíði sem iðngrein geri það að verkum að einkaréttur tannlækna til ísetningar gervigóma og gervitanna í menn sé niður fallinn.

Nærtækast sé að skýra lög nr. 38/1983 þröngt, að því er varðar stefndu. Málafni tannlækna heyri nú undir heilbrigðisráðherra og hafi gert það um nokkurt skeið. Á undanförnum árum hafi tannlæknar iðulega kært stefndu fyrir brot á lækna- og tannlæknalögum. Málalyktir hafi jafnan orðið þær, að hvorki ákærvaldinu né heilbrigðisyfirvöldum hafi þótt ástæða til afskipta. Þá hafi landlæknir getið þess í bréfi til heilbrigðisráðuneytisins að embættið amaðist ekki við starfsemi stefndu. Hún hafi því fullt samþykki landlæknis í sínu starfi. Þá hafi stefnda fullt leyfi frá heilbrigðisráðherra til að starfa með þeim hætti sem hún geri. Heilbrigðisráðherra sé yfirmaður tryggingaráðs sem hafi gert hinn umdeilda samning við stefndu. Stefnda hafi því samþykki allra valdhafa í heilbrigðisgeiranum fyrir starfi sínu.

Mál þetta snúist einvörðungu um peningalega hagsmuni tannlækna. Með

því að vera milliliðir fái tannlæknar skerf af útgjöldum sem ríki og notendur þurfi að standa straum af við gervitannsmíði. Ef viðurkennt sé að þeir séu ekki nauðsynlegur hlekkur í keðjunni, heldur að notendur og tannsmiðir geti átt beint samband, verði tannlæknar af tekjum sem skipti verulegum fjárhæðum á ári hverju. Því vilji tannlæknar ekki una. Varðandi kröfu um synjun á staðfestingarkröfu stefnanda gildi sömu sjónarmið. Til viðbótar því megi benda á að lögbann hafi verið lagt við tannsmíðavinnu Bryndísar í munnholi sjúklings eins og það sé orðað í endurriti úr gerðabók. Þar sem stefnandi byggir á, að stefnda brjóti tannlækna­lög með starfsemi sinni hefði verið réttara að leggja bann við læk­nis­verkum Bryndísar í munnholi sjúklings.

Stefnda stundar ekki tannsmíðavinnu í munnholi sjúklings, svo sem lögbannið leggur bann við. Smíðavinnan sem slík fari fram á vinnuborði stefndu. Óhjákvæmilegt sé hins vegar, að notandi gervitannanna máti tennurnar, mátun sé nauðsynleg til að unnt sé að smíða tennur eðli málsins samkvæmt. Mátunin sé jafnan ekki læk­nis­verk í skilningi tannlækna­laga. Því séu engin rök til að staðfesta lögbann við tannsmíðavinnu stefndu. Staðfesting lögbannsins myndi þá jafnast á við afturköllun þeirra réttinda, sem stefnda hefur lögum samkvæmt til tannsmíða. Slíkt sé að sjálfsögðu fullkomlega óheimilt og í andstöðu við iðnlöggjöf og grunnreglu 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

Af hálfu meðstefnda, Tryggingastofnunar ríkisins, er á það bent að skv. 44. gr. laga nr. 67/1971 um almannatþjónustu, sbr. 20. gr. laga nr. 1/1992, greiði Tryggingastofnun ríkisins fyrir tannlæknaþjónustu í samræmi við samninga, sem stofnunin hefur gert, eða skv. gjaldskrá, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi. Til tannlæknaþjónustu skv. lögum teljist smíði og viðgerðir á gervigómum og gervitönnum. Greiðslur renni almennt beint til hinna tryggðu sem endurgreiðsla á útlögðum kostnaði. Meðal þeirra, sem njóti greiðslna skv. lagaákvæðum þessum, séu elli- og örorkulífeyrisþegar. Fram til þess, að Tryggingastofnun ríkisins gerði samning við stefndu, hafi greiðslur stofnunarinnar verið bundnar við samning hennar við Tannlæknafélag Íslands. Hinir tryggðu, sem óskuðu eftir þátttöku Tryggingastofnunarinnar í kostnaði við smíði gervitannanna, hafa því orðið að snúa sér til tannlækna sem aftur hafi samið við tannsmíði um smíði og haft milligöngu um greiðslu til þeirra. Hinir tryggðu hafi síðan komið með reikninga frá viðkomandi tannlækni og fengið þá greidda af stofnuninni í samræmi við reglur hennar. Þar sem stefnda Bryndís hafi starfað sjálfstætt og án beins samnings við Tryggingastofnun, hafi þeir sjúklingar, sem hún starfaði fyrir, enga endurgreiðslu fengið á kostnaði við þjónustu hennar.

Árið 1988 hafi samninganefnd Tryggingastofnunarinnar leitað eftir samningi beint við Samband íslenskra tannsmíðaverkstæða. Úr samningum hafi þó ekki orðið, en hins vegar hafi tekist samningur við stefnanda þessa máls.

Af hálfu meðstefndu, Tryggingastofnunar ríkisins, sé talið ósannað, að störf stefndu í þágu viðskiptavina sinna brjóti gegn tannlækna­lögum nr. 38/1985. Skv. 4. gr. laga nr. 7/1929 hafi verið lagt bann við því að öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi höfðu, væri heimilt að setja gervitennur eða tanngarða í menn. Ákvæði þetta hafi verið rýmkað með lögum nr 34/1932. Á árinu 1946 hafi enn komið fram frumvarp á Alþingi þess efnis að rýmka enn heimild tannsmíða til starfa. Samkvæmt því frumvarpi skyldi 4. gr. laganna hljóða svo: „Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna og tannsmíða, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar á þessu sviði í þessari grein.“ Heilbrigðis- og félagsmálanefnd Alþingis hafi ekki orðið ósammála um niðurstöðu. Niðurstaðan hafi orðið sú, að samþykkt hafi verið tillaga minni hluta nefndarinnar.

Ekki hafi verið sett sjálfstæð lög um starfsréttindi og skyldur tannsmíða. Það hafi verið fyrst með 2. gr. reglugerðar nr. 268/1974 um iðnfræðslu, sem tannsmíði hafi verið gerð að löggilttri iðngrein, nú reglugerð nr. 558/1991, sbr. reglugerð 102/1990. Með því að öðlast meistaráréttindi í iðninni geti tannsmíðir starfað sjálfstætt, sbr. 2. mgr. 10. gr. iðnlaga nr. 42/1978. Stefnda Bryndís sé meistari í tannsmíði, sbr. meistarabréf, út gefið til hennar. Tannlæknar hafi ekki réttindi til tannsmíða. Þeim sé því lögum samkvæmt ekki heimilt að vinna tannsmíðavinnu, hvorki í munnholi sjúklings né utan þess. Vinna stefndu Bryndísar sé ekki læknisverk heldur hluti af tannsmíði sem iðngrein. Með löggildingu á tannsmíði sem iðngrein hafi tannsmíðum með meistarapróf í iðninni skapast möguleiki á að vinna sjálfstætt að tannsmíði og með því hafi fallið niður einkaréttur tannlækna skv. 4. gr. laga nr. 7/1929. Því veiti 6. gr. laga nr. 38/1985 ekki tannlæknum slíkan einkarétt. Ákvæði 6. gr. um að tannleysi „falli innan starfssviðs tannlækna“, eigi aðeins við lækni­spátt verksins, en ekki tannsmíðapáttinn. Öll ákvæði laga, er takmarki rétt aðila til starfa, hljóti að þurfa að túlka þröngt.

Verði niðurstaða málsins sú að stefnda Bryndís teljist vinna tannsmíðavinnu í munnholi sjúklunga og sé það óheimilt lögum samkvæmt, sé því haldið fram að tannlæknum sé einnig óheimilt að vinna þau störf þar sem þeir hafi ekki nauðsynleg iðnréttindi til starf­ans. Tryggingastofnun ríkisins hafi gert hinn umdeilda samning við stefndu Bryndísi í fyrsta lagi vegna þess að hún stundaði slíka sjálfstæða þjónustu fyrir fjölda einstaklinga, sem

rétt hefðu átt á endurgreiðslu á kostnaði sínum, hefðu þeir skipt við tannlækni. Í öðru lagi hafi farið gott orð af þjónustu hennar og í þriðja lagi sé gert ráð fyrir að samningurinn dragi úr útgjöldum viðkomandi einstaklinga og stofnunar. Stefnda hafi þannig annast tannsmíði með þeim hætti, sem samningurinn geri ráð fyrir, árum saman, án þess að amast hafi verið við starfsemi hennar.

Lögbann við beitingu samningsins hefði það í för með sér að ekki fengist endurgreiddur kostnaður þeirra sem þjónustunnar njóta eins og lög geri ráð fyrir. Þannig séu hagsmunir þessa fólks svo og hins opinbera af því að spara útgjöld mun meiri en hagsmunir tannlækna. Dómstólar láti oftast minni hagsmuni og hagsmuni einstakra hópa víkja fyrir meiri hagsmunum og hagsmunum fjöldans.

Samningur stefndu og meðstefndu breyti engu um störf stefndu frá því sem áður var. Hann gerir aðeins viðskiptamönnum stefndu kleift að fá endurgreiddan kostnað við þjónustu stefndu í samræmi við almannatryggingalög. Samningurinn sem slíkur geri því ekki starfsemi stefndu ólögmæt. Því er mótmælt að samningurinn brjóti í bága við tannlæknalög og að hann feli í sér hættu á heilsutjóni fyrir sjúklinga stefndu. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að viðskiptamönnum stefndu sé meiri hættu búin en þeim sem leiti til tannlækna.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Tannlæknafélag Íslands er félagsskapur þeirra Íslendinga er hafa viðurkennt próf í tannlækningum og gilda um félagið lög þess frá 4. október 1986. Samkvæmt 2. gr. þeirra er tilgangur félagsins m. a. sá að gæta hagsmuna félagsmanna eftir föngum.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála getur félag í eigin nafni rekið mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna enda samrýmist það tilgangi félagsins að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til. Er ekki fallist á með stefndu Bryndísi Kristinsdóttur, að sýkna beri hana af dómkröfum stefnanda á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 þar sem stefnandi sé ekki aðili að þeim samningi sem um er deilt í máli þessu.

Í 3. gr. laga nr. 7/1929 um tannlækningar, sem nú hafa verið numin úr gildi, er starfssvið tannlækna skilgreint svo, að það taki yfir meðferð á alls konar tannsyki, þar með talið tannfyllingar, tannútdráttur og brot, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannréttingar, brúfesta tennur og tanngarða o. s. frv.

Í 4. gr. laganna sagði, að öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi höfðu, væri óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta bann náði þó ekki til lækna, ef þeir gátu sannað fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hefðu aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein.

Með lögum nr. 34/1932 var gerð breyting á 4. gr. laga nr. 7/1929. Fólst hún í því, að dómsmálaráðherra gat með heimild landlæknis veitt mönnum, er lokið höfðu tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum sem voru tannlæknislaus.

Með lögum nr. 62/1947 var enn gerð breyting á 4. gr. laga nr. 7/1929. Fólst hún í því að felld var niður heimild dómsmálaráðherra sem sett hafði verið með lögum 34/1932. Þó héldu þeir, sem þegar höfðu leyfi til að starfa sjálfstætt, leyfinu fyrst um sinn, eða þar til ákvæði yrðu sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.

Þann 1. mars 1974 gaf heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra út reglugerð um tannsmíði með stöð í lögum nr. 64/1971 um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Samkvæmt henni hafði sá einn rétt til að starfa sem tannsmiður hér á landi og kalla sig tannsmið sem til þess hafði fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra. Í 5. gr. reglugerðarinnar sagði, að tannsmiðir gætu annaðhvort starfað sem aðstoðarmenn tannlækna eða stundað starf sitt sem sjálfstæða atvinnugrein en alltaf með þeirri takmörkun að þeir mættu ekki vinna við sjúkling, hvorki við mótatöku eða mátun.

Reglugerð þessi var felld úr gildi með lögum nr. 39/1980 um breytingu á lögum nr. 64/1971.

Með lögum nr. 38/1985 um tannlækningar voru eldri lög um sama efni nr. 7/1929 felld úr gildi.

Verksvið tannlækna er nú skilgreint svo í 6. gr. laganna að það taki til varnar, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannsekkju og tannleysis, til sjúkdóma, slysa og galla, er þessu tengjast, þar með talið í mjúkvæfjum og beinum.

Í 2. mgr. 9. gr. laganna segir að öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki undir þeirra stjórn sé óheimilt að stunda tannlækningar.

Í athugasemdum við greinina (ranglega tilgreind sem 5. gr.) segir, að skilgreining á starfssviði tannlækna sé efnislega lítt breytt, en einfaldari en samkvæmt eldri lögum.

Þann 27. október 1975 var stefndu veitt meistarabréf í tannsmíði á grundvelli laga nr. 79/1971 um iðju og iðnað, sbr. lög nr. 68/1966 um iðnfræðslu og samkvæmt bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 16. október 1975, en tannsmíðar falla nú undir löggilta iðngrein skv. reglugerð nr. 558/1991 um iðnfræðslu.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laganna veitir meistarabréf meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

Tannlæknar og tannsmiðir vinna náið saman í starfi tannlækna við að meðhöndla tannleysi. Sú vinnuskipting hefur hins vegar ríkt um áratugi milli þessara stétta, að vinna tannsmiða fer að mestu leyti fram á verkstæði þar sem þeir smíða tennur eftir tilvísun tannlækna, en hinir síðarnefndu sjá um alla þá vinnu sem fer fram í munni viðkomandi. Í framburði vitnisins Sigurgeirs Steingrímssonar, forstöðumanns Tannlæknaskóla Íslands, kom fram að allt nám tannsmiða miðist við þessa verkaskiptingu. Við skólann væri ekki kennt neitt um meðferð sjúklinga enda byði húsnæði skólans ekki upp á neina aðstöðu fyrir slíka kennslu.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar, sem sýna, að sama verkaskipting og byggt hefur verið á hér á landi ríkir í Noregi og Svíþjóð. Í Danmörku er hins vegar einnig stétt klínískra tannsmiða, þ. e. tannsmiðir, sem vinna í munnholi sjúklings, og er þá nám þeirra miðað við þetta starfssvið þeirra.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu eiga allir landsmenn kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Heilbrigðisþjónusta tekur í þessu sambandi m. a. til tannlækninga, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Samningur sá, sem hér um ræðir og miðar að því, að stefnda Bryndís taki mát af gómi sjúklings, verður að teljast í andstöðu við markmið þessara laga á meðan hún hefur ekki lokið viðurkenndu námi til að annast slíka vinnu.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan hefur í tannlæknaölgum verið bann við því, með þröngum undantekningum, að aðrir en tannlæknar settu gervitennur og tanngarða í menn. Þá var tannsmiðum skv. reglugerð, sem sérstaklega fjallaði um starfssvið þeirra, bannað að vinna við sjúklinga. Ekki verður af almennum lögskýringargögnum ráðið að fyrirhugaðar hafi verið breytingar á þessu fyrirkomulagi með setningu nýrra laga um tannlækningar.

Það er álit dómsins, þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, að telja beri þá vinnu stefndu Bryndísar að taka mát í munni sjúklings brot á 6. gr. laga nr. 38/1985, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38/1985. Er henni því óheimilt að vinna það starf. Ber að staðfesta lögbann sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því hinn 20. október 1992, að stefnda Bryndís beiti samningi hennar og meðstefndu, Tryggingastofnunar ríkisins, að því er tekur til tannsmíðavinnu hennar í munnholi sjúklinga.

Umræddur samningur hefur að geyma víðtækari verkákvæði en þau sem

talin eru brot á 6. gr. laga nr. 38/1985. Eins og aðild máls þessa er háttað þykir stefnandi ekki hafa sannað að forsendur séu brostnar fyrir gildi samningsins að öðru leyti en því sem tekur til vinnu Bryndísar í munnholi sjúklunga. Þykir verða að sýkna stefndu af kröfu stefnanda um að samningurinn verði ógiltur með dómi í heild sinni.

Stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 250.000,- í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Staðfest er lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði hinn 20. október 1992 við beitingu samnings milli stefndu, Bryndísar Kristinsdóttur og Tryggingastofnunar ríkisins, þann 17. ágúst sl., að því er tekur til tannsmíðavinnu stefndu Bryndísar Kristinsdóttur í munnholi sjúklunga.

Stefndu, Bryndís Kristinsdóttir og Tryggingastofnun ríkisins, eru sýkna af þeirri kröfu stefnanda, að samningur aðila frá 17. ágúst 1992 sé ógiltur með dómi.

Stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 250.000,- í málskostnað.
